

Sp.

905. Fyrirspurn

[489. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd fóstureyðinga.

Frá Árna Johnsen.

1. Hve margar fóstureyðingar hafa verið framkvæmdar árlega frá og með árinu 1976 til og með ársins 1984 samkvæmt lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir?
2. Hvernig skiptast fóstureyðingar milli ára:
 - a. af félagslegum ástæðum skv. a-, b- og c-lið 1. tl. 9. gr. laganna,
 - b. af félagslegum ástæðum skv. d-lið 1. tl. 9. gr. laganna,
 - c. af læknisfræðilegum ástæðum skv. 2. tl. 9. gr. laganna?
3. Í hve mörgum tilvikum er um endurteknar fóstureyðingar að ræða árlega framangreint tímabil?
4. Í hve mörgum tilvikum á þessum tíma er um að ræða fóstureyðingar af félagslegum ástæðum eftir lok 12. viku meðgöngu?